

Ísland og Norð- urlönd.

I.

Grein norska læknisins Joh. Séharffenbergs: „Eigið gildi og tilveruréttur smáþjóðanna“ (Alþbl. 5. febr.) er mjög eftirtektarverð fyrir þá sem halda fram sérstakri þýðingu Norðurlandaþjóðanna fyrir vellenggni alls mannkyns. Greinarhöf. vitnar i sánska hagfræðinginn Gustav Sundbärg, sem heldur því fram í riti frá 1907, að Norðurlandaþjóðirnar „séu í farardroddi menningarinnar á vorum dögum“. og i timaritið „The New Statesman and Nation“ (16. des. 1939, s. 884) þar sem segir að „i Svíþjóð og hinum Norðurlandaríkjunum megi telja að sé hæsta stig menningar sem nokkurntíma hefir náð verið“.

II.

Það er nú að visu haett við, að þegar menn ritu slíkt, hafi þeir tæpast í huga að telja Ísland með hinum Norðurlandaþjóð-

unum, hvað þá að þeir líti svo á sem hin örsmáa íslenska þjóð hafi nokkra sérstaka þýðingu haft fyrir menningu braeðraþjóða sinna, og gæti þó í þeim efnunum haft ennþá miklu meiri áhrif en orðið er. En samt er það satt, að þótt íslenska þjóðin hljóti um ýms menningarmál að standa hinum svo miklu mannfleiri frændþjóðum sínum að baki, þá er hún í einu en mjög verulegu atriði, fremst. Það kemur mjög greinilega fram í Norðurlandamálum vorra daga, og þó mest í Dammörku þar sem ónorræn og andnorræn áhrif hafa mætt mest á, hvernig norrænn andi hefir beðið bagalega ósigra fyrir þeini áhrifum. Á þessu sviði gætu Íslendingar orðið að miklu meira liði en hingað til hefir verið, þó að vitanlega hafi fornislenskar bókmentir verið norrænum anda mjög til stuðnings. En ekki einsinni þetta er metið eins og vert væri, og kemur það t. d. á mjög eftirtektarverðan hátt fram í því, að aldrei skuli bókmentaverðlaun Nobels hafa verið veitt Íslendingi. Er þetta ennþá athygilsverðara vegna þess, hve mjög það er í ósamræmi við hinn alþekta sánska höfðingsskap.

III.

Eg minnist þess frá því er mér auðnaðist að dvelja nokkrar vikur í Stockholmi sumarið 1929, hversu oft mér kom í hug, hvort ekki mundi rétt að telja Svía glæsilegustu menningaráþjóð jarðarinnar. Eg mintist tveggja af allra-merkilegustu mönnum 18. aldarinnar, Linnés og Swedenborgs, sem vel mætti nefna þjóðhetjur Svíu á andlega sviðinu. Í öllum menningarlöndum hefir verk Linnés, hins mikla náttúrufræðings, að verðleikum metið verið og horið fagran ávöxt. En það er ekki hægt að segja sama um Swedenborg, sém gerði svo stórmerkilega tilraun til að láta liffræðina ná til stjarnanna, tilraun sem varla var nokkur leið til að gera betur á þeirri öld. Og það er býsna fróðleg bending um hið andlega samband Norðurlandaþjóðanna, að nauðsynlegt framhald og leiðréttинг þeirrar tilraunar, hefir ekki orðið fyr en nú loksns hér úti á Íslandi. En ekki hefir þó sú byrjun verið þegin ennþá sem skyldi, ekki einusinni í Svíþjóð. Og mun þó, þegar það verður gert, ein afleiðingin verða sú, að verk Swedenborgs mun verða miklu meir metið en áður, og til fulls öðlast þá frægð sem það á skilið.

6. febrúar.

Helgi Pjeturs.